

Allir með

Framtíðarsýn til 2030



Samfélagsverkefni

Allir með er samfélagsverkefni sem nær til allra barna í Reykjanesbæ.

Allir með felur í sér lykilhugtökin **þátttaka** og að **tilheyra** sem stuðla að virkni og vellíðan barna. Áhersla er lögð á jákvæð samskipti og aukna félagsfærni sem styrkir samfélagsheild Reykjanesbæjar.

Allir með leggur áherslu á hlýlegt viðmót og alúð gagnvart börnum og foreldrum þeirra óháð aldri, uppruna, fötlun, tungumáli, kyni, kynhneigð, kynvitund, heilsufari, trúarbrögðum, skoðunum og öðru því sem máli getur skipt fyrir hvert og eitt barn.

Allir með styður við inngildandi samfélag og verndandi þætti í lífi barna.

Allir með er fyrsta stigs forvörn sem vinnur gegn einelti, félagslegri útskúfun, fordómum, hvers kyns ofbeldi og hatursorðræðu.

Tengingar við heimsmarkmiðin





Framtíðarsýn

Samfélag Reykjaneshæjar einkennist af jákvæðum samskiptum, sterkri félagsfærni og umburðarlyndi fyrir fjölbreytileika mannlífsins.

Börn sinna áhugamálum sínum í öruggu og hvetjandi umhverfi þar sem þeim líður vel og þau hafa tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra í tómstundum, íþrótta-, menningar- og æskulýðsstarfi.

Íbúum Reykjaneshæjar líður vel, þeir hafa jöfn tækifæri til félagslegrar þátttöku og atvinnu og upplifa að þeir tilheyri samfélagsheildinni.

Tengingar við Barnasáttmálann



Markmið


Að allir leiðtogar í skipulögðu barnastarfi, kennarar, þjálfarar, foreldrar og samferðafólk barna láti sig aðra varða og gefi börnum tækifæri til þess að hafa áhrif og vera hluti af samfélagsheildinni.

Að öll börn taki þátt í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi og tilheyri þeim hópi þar sem þau eru þátttakendur.

Að styðja og styrkja alla sem starfa með börnum með fræðslu og þjálfun og gefa þeim verkfæri til að vinna að sterkri heild hvers hóps.

Að upplýsingar um framboð á því sem stendur börnum til boða í Reykjanesbæ sé aðgengilegt börnum og fjölskyldum þeirra.

Tengingar við stefnuáherslur Reykjanesbæjar til 2030





Sáttmáli

Allir íbúar Reykjanesbæjar geta orðið hluti að verkefninu með því að skrifa undir **Allir með sáttmálann**.

Skrifað er undir sáttmálann á vefsíðu Reykjanesbæjar.

Með aðild að sáttmálanum einsetur fólk sér hlýlegt viðmót og alúð gagnvart börnum, fjölskyldu, vinum, samstarfsfélögum, nágrönnum og öðru samferðafólki óháð kyni, aldri, uppruna, fötlun, kynhneigð, skoðunum og trúarbrögðum og öðru því sem máli getur skipt fyrir hvern og einn.

Vinnustaðir geta jafnframt orðið **Allir með** vinnustaðir.

Stofnanir og fyrirtæki sem vilja verða **Allir með** vinnustaður eru hvött til þess að hafa samband við Reykjanesbæ með því að senda póst á allirmed@reykjanesbaer.is.

Það er ábyrgð allra að allir hafi jöfn tækifæri til þess að vera með.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTTLEIKANS

Allir með
Reykjanesbær
Desember 2022

Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Allir með -
Framtíðarsýn
til 2030